



## Til landssambanda og aðildarfélaga ASÍ

27. febrúar 2023

**Efni: Framhaldsþing 45. þings ASÍ - 27. – 28. apríl 2023 (sem frestað var 10. – 12. október sl.)**

Framhald 45. þings Alþýðusambands Íslands verður haldið dagana 27. - 28. apríl nk. á Grand hóteli, Reykjavík. Þingið hefst 27. apríl, kl. 13:00 og því lýkur síðdegis 28. apríl. Drög að dagskrá verða birt á [vef þingsins](#) á næstu dögum en öll önnur þingskjöl eru aðgengileg þar. Athugið að ekki er boðið upp á prentuð gögn á þinginu.

Þá er vakin athygli á því að þar sem 45. þingi var frestað þá hafa öll gögn borist og verður unnið áfram með þau og ekki er hægt að leggja fram tillögur að breytingum.

Þá vil ég einnig benda á að þeir sem höfðu seturétt á þinginu í haust halda sínum sætum og þar sem um framhaldsþing er að ræða er ekki heimilt að breyta kjörnum þingfulltrúum.

Vinsamlegast tilkynnið komu ykkar á netfangið [asta@asi.is](mailto:asta@asi.is)

### Málefni fyrir þingið

Í samræmi við ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands frá 16. febrúar 2022 verður yfirskrift 45. þings ASÍ: „**Við vinnum**“.

Miðstjórn ASÍ hefur samþykkt að fjallað verði um þau verkefni og áskoranir sem Alþýðusambandið, aðildarfélögin og launafólk standa frammi fyrir nú og í næstu framtíð og hvernig á að takast á við þær út frá grunngildum og baráttu verkalýðshreyfingarinnar.

### Málefnaþing 45. þings verða sex:

- *Lífeyrismál*
- *Húsnæðismál og velferð*
- *Efnahagur, kjör og skattar*
- *Framtíð vinnumarkaðarins*
- *Jafnrétti og menntun*
- *Kjaramál og vinnumarkaður*

Jafnframt verður laganefnd starfandi á þinginu.



### **Fyrirkomulag málefnavinnu**

Á þingvefnum er að finna umræðuskjöl sem undirbúin hafa verið af starfsnefndum miðstjórnar ASÍ og eru grundvöllur málefnavinnunnar. Jafnframt er skipuð ritnefnd fyrir hvert málefnasvið sem hefur það hlutverk að fullklára stefnuþingin fyrir afgreiðslu þingsins, auk miðlægrar ritnefndar sem gegnir samræmingarhlutverki.

### **Skráning í nefndir hefur þegar farið fram og má sjá á þingvefnum.**

Þá verður á þinginu kosin forysta Alþýðusambandsins fram að næsta þingi sem haldið verður í október 2024, að öllu óbreyttu. Kosningarnar verða á föstudeginum.

### **Lagabreytingar**

Fyrir þinginu liggja lagabreytingartillögur sem eru aðgengilegar inni á þingvefnum.

Öllum þingfulltrúum er frjálst að taka sæti í laganefnd.

### **Túlkun, þýðingar og önnur aðstoð**

Boðið verður upp á túlkun milli ensku og íslensku á þinginu. Aðildarfélög eru beðin um að láta vita um þingfulltrúa sem munu nýta sér túlkun og sem kjósa að taka þátt í nefndarstarfi á ensku. Helstu þingskjöl hafa verið þýdd á ensku og eru birt á þingvefnum. Vinsamlegast látið skrifstofu ASÍ vita ef þörf er á aukinni eða annars konar aðstoð á þinginu. Óskir er varða túlkun, þýðingar og aðra aðstoð mega berast Sögu Kjartansdóttur, á netfangið [sagak@asi.is](mailto:sagak@asi.is).

### **Hagnýt atriði**

Um greiðslu kostnaðar vegna ferða þingfulltrúa fer samkvæmt [reglugerð um greiðslu ferðakostnaðar þingfulltrúa og vegna formannafundar](#), sem er aðgengileg á vefsíðu ASÍ undir flipa um Lög ASÍ, reglugerðir og reglur. Eyðublað vegna endurgreiðslu mun vera birt á þingvefnum. Ása Jónsdóttir, gjaldkeri ASÍ, tekur við beiðnum um endurgreiðslu á netfangið [asajons@asi.is](mailto:asajons@asi.is).

Fyrirkomulag um flug vegna þingsins er eilítið breytt þar sem Icelandair hefur tekið yfir starfsemi Flugfélags Íslands og ekki er lengur hægt að panta flug sem fer beint á reikning ASÍ. Aðildarfélög verða því að bóka flug á eigin kostnað og fá endurgreitt með sama hætti og annan ferðakostnað.

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim sem fyrst. Alþýðusambandið hefur tekið frá herbergi á Grand Hótelu fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það. Til að bóka þau herbergi er



Alþýðusamband Íslands

sendur póstur á [reservations@grand.is](mailto:reservations@grand.is) með tilvísun í bókunarnúmer BH00948598 og nafn viðburðar, þing ASÍ. Þá er rétt að benda á að oft er hægt að fá hagstæð tilboð á hótulgistingu á vefnum.

Nóttin á Grand hótél Reykjavík kostar, í eins manns herbergi, kr. 22.900,- m. morgunverði en 25.700,- í tveggja manna herbergi.

Við bendum á að við eigum bara eina nótt á hótelinu þannig að þau sem þurfa aukanótt er bent á að hafa samband við hótelin sem allra fyrst.

Með kveðju,

Eyrún Valsdóttir  
Framkvæmdastjóri ASÍ